

**Tækniherbergi:** Í tækniherbergi eru tæki fyrir tölvukerfi skólans. Herbergið er læst og einungis þeir sem eiga erindi þangað hafa lykil. Hættan á slysum og óhöppum í þessu rými er talin vera í lágmarki.

**Ræstiherbergi:** Eitt ræstiherbergi er á efri hæð. Í því er vaskur, hillur og ræstivagn. Þjónustan er aðkeypt og fellur undir þjónustusamning við bæjarráð Hafnar. Hættan á slysum og óhöppum í þessu rými er talin vera í lágmarki.

**Gangar:** Á göngum eru munaskápar, nemendaskápar og bekkir við skrifstofur. Hættan á slysum og óhöppum í þessum rýmum er talin vera í lágmarki.

**Setustofa nemenda:** Í setustofu nemenda eru sófar og stólar, sófaborð og spilahilla, fótboltaspil og púlborð. Notkunarreglur um afþreyingartæki eru virkar. Hættan á slysum og óhöppum í þessu rými er talin vera í lágmarki.

**Fundarherbergi:** Í fundarherbergi eru borð, stólar, fjarfundarbúnaður og tafla. Hættan á slysum og óhöppum í þessum rýmum er talin vera í lágmarki.

**Kennarastofa:** Á setustofu kennara eru sófi, sófaborð, borðstofuborð, borðstofustólar, skápur, vaskur, uppbvottavél, örbylgjuofn, kaffivél, brauðrist, vatnsvél, hraðsuðuketill, diskar, glös, bollar, eldhúshnífar og hnífapör. Helst er hætta á því að menn skeri sig á eldhúshnífum. Brýnt er fyrir starfsmönnum að fara varlega og fullbúinn sjúkrakassi er til staðar.

**Vinnurými kennara:** Vinnurými kennara eru fullskipuð og pláss af skornum skammti. Þar eru rafmagnsskrifborð, stólar og bókahillur. Það er unnið að betri lausn á nýtingu rýma í samvinnu við starfsfólk. Hættan í kennrarýmum á slysum og óhöppum er talin í lágmarki.

**Ljósritunarherbergi:** Í ljósritunarherbergi eru borð, hillur, pappírstætari, pappírsskeri og ljósritunarvél. Helst er talin stafa hætta af pappírstætara. Spjald með viðvörunarorðum er staðsett fyrir ofan hann.

**Veitingasala:** Í veitingasölu eru hillur, borð, stóll, vaskar, kæligeymslur, geymsla, eldavél, örbylgjuofn, bakarofn, samlokugrill, diskar, glös, bollar, hnífapör, eldhúshnífar og eldhúsverkfæri. Veitingasalan er undir eftirliti Heilbrigðiseftirlits Austurlands hvað varðar hreinlæti. Áhættan í veitingasölu er helst sú að starfsmáður gæti brennt sig á eldavél, bakarofni eða samlokugrilli ogskorið sig við að sneiða matvæli. Uppþvottavél er ekki á besta stað, en vegna þess að notkun er ekki í hámarki er áhættan talin vera í lágmarki. Á gólfí eru mottur til að draga úr þreytu starfsmanns vegna langrar stöðu. Varðandi tól og tæki í veitingasölu þá er starfsmanni uppálagt að gæta fyllsta öryggis. Fullbúinn sjúkrakassi er til staðar. Öryggismál hafa verið rædd við starfsmann og í samvinnu við hann hefur sjúkrakassi verið endurnýjaður.

**Opið rými:** Í opnu rými við veitingasölu og fyrirlestrasal eru borð, stólar, sófar, sófaborð, kaffivél og flygill. Hættan á slysum og óhöppum í þessu rými er talin vera í lágmarki.

**Fyrirlestrasalur:** Í fyrirlestrasal eru hallandi gólf með föstum sætum og upphækkuðu palli sem sem nýtist sem svið. Tröppur eru niður með stólaröðum beggja vegna niður að sviði. Á sviði er eru borð, stólar og púlt. Efst í salnum er skápur með stýrikerfi fyrir hljóð, ljós og

## Áhættumat fyrir starfsemi Framhaldsskólans í Austur- Skaftafellssýslu samkvæmt reglugerð 920/2006

Framhaldsskólinn í Austur- Skaftafellssýslu er til húsa í Nýheimum í Sveitarfélögnum Hornafirði. Húsið var tekið i notkun í ágúst 2002 og gera má ráð fyrir að það fullnægi öllum opinberum kröfum um húsnæði.

Í umfjöllun hér á eftir verður húsnæði skólans skipt niður í eftirtalin svæði og verður fjallað um þau sérstaklega hvert og eitt:

- Raungreinastofa
- almennar kennslustofur
- vinnusvæði nemenda,
- snyrtинг, tæknibergergi
- ræstingaherbergi
- gangar
- setustofa nemenda
- vinnusvæði starfsmanna
- kennarastofa
- Ljósritunarherbergi
- veitingasala
- opið rými á neðri hæð
- fyrirlestrasaralur.

**Raungreinastofa:** Í raungreinastofu eru notuð efni til tilrauna í efnafræði, auk ýmissa tækja og tóla til verklegrar kennslu. Efnin eru geymd í læstum hirslum sem viðkomandi kennrarar hafa einir aðgang að. Tæki og tól sem hugsanlega geta verið varhugaverð í notkun eru einnig í læstum hirslum og stofan er alltaf læst nema þegar kennari er viðstaddir. Sloppar, hanskar, augnskol og öryggisgleraugu eru til staðar í stofunni. Einnig er í stofunni fullbúinn sjúkrakassi. Allir þeir kennrarar sem nota stofuna í kennslu eru upplýstir um allt er varðar öryggi og reglur um umgengni. Reglur um umgengni í stofunni eru aðgengilegar á vinnusvæði.

**Almennar kennslustofur:** Á vinnusvæði nemenda eru borð, stólar, töflur, borðtölvar og skjávarpar. Hættan á slysum og óhöppum í þessum rýmum er talin vera í lágmarki.

**Vinnusvæði nemenda:** Á vinnusvæði nemenda eru borð, stólar, geymsluskápar og bókahillur. Hættan á slysum og óhöppum í þessu rými er talin vera í lágmarki.

**Snyrtинг:** Á efri hæð eru fjögur salerni með vöskum og salernum. Hættan á slysum og óhöppum í þessum rýmum er talin vera í lágmarki. Starfsmannasalerni eru á starfsmannagangi.

myndvarpa. Í lofti er skjávarpi. Helst er talin hætta á að fólk geti dottið í tröppum en ekki er talin þörf á sérstökum ráðstöfunum vegna þess.

**Samantekt:** Almennt er skólinn tiltölulega öruggur og heilsusamlegur vinnustaður og öryggismál í góðu horfi. Helst þarf að horfa til raungreinastofu, veitingasölu og ljósritunarherbergis. Áhættumat 2024 verður kynnt á næsta kennarafundi og samkvæmt áætlun er verklagið þannig að endurskoðun á áhættumati og áætlun um öryggi og heilbrigði verður gerð árlega í janúar og síðan kynnt á kennarafundi.

Staður og dagsetning

29. 01. 2024



Lind D. Völundardóttir

Lind D. Völundardóttir skólameistari

Lína Dóra Hannesdóttir

Lína Dóra Hannesdóttir öryggistrúnaðarmaður